

## Fundargerð 465. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 14. febrúar 2024

*Þessir tóku þátt í fundinum:*

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Trausti Hjálmarsson, nefndarmaður og formaður deildar sauðfjárbænda innan BÍ, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi MAR. Málín sem lágu fyrir voru afgreidd rafrænt með tölvupósti.

*Þetta var gert:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 464 hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef matvælaráðuneytisins.

### 2. Erindi frá Bændasamtökum Íslands; Ráðstöfun fjármuna nautgripasamnings

Tillaga 1: Eftirfarandi fjármunum framleiðslujafnvægisliðar, kr. 50.000.000, verði ráðstafað yfir á 9. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar, þ.e.a.s. greiðslur vegna nautakjötsframleiðslu, nánar tiltekið á sláturálag.

Fjárveiting til framleiðslujafnvægis í nautgriparækt 2024 er kr. 133.965.959

Með þessari ráðstöfun er óráðstafað kr. 83.965.959

Tillaga 2: Lagt er til að 15 milljónir króna, af 9. gr. samningsins, renni til Nautís til að standa straum af innflutningi á erfðafni holdagripa. Eftirstandandi fjármunir, kr. 244.067.576 skulu greiðast sem sláturálag.

Fjárveiting til nautakjötsframleiðslu í nautgriparækt 2024 er kr. 259.067.576

Með því að ráðstafa kr. 15.000.000 til Nautís er jafnframt ákveðið að kr. 244.067.576 munu greiðast sem sláturálag skv. 2. tl. 24. greinar reglugerðar um stuðning í nautgriparækt.

Báðar tillögur samþykktar rafrænt af öllum nefndarmönnum með tölvupósti

### 3. Erindi frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Beiðni um að nefndin samþykki tillögu SAM um að ríkisstuðli nýrrar mjólkurvöru:

Vörunúmer og vöruheiti: 3140 Sósugrunnur

Fítustuðull: 5,052

Próteinstuðull: 2,575

Tillagan samþykkt rafrænt af öllum nefndarmönnum með tölvupósti

*Fleira ekki tekið fyrir*